



GÁTLISTI

Skilyrði fyrir viðurkenningu á kandídatsári

- A.m.k. 7 umsagnir frá sérfræðilæknum (deildarlæknum), fyrir jafnmarga mánuði, hafa skilað sér.
- Þverfaglegu mati (360° mati) er lokið, þar af:
 - A.m.k. 3 matsblöð frá sérfræðilæknum eða deildarlæknum
 - A.m.k. 6 matsblöð frá öðrum starfsstéttum
 - 1 sjálfsmat

Ég hef mætt í a.m.k. 10 af 12 fræðsluerindum/hermikennslufundum fyrir læknakandídata á SAK

Ég hef skilað tveimur hugleiðingum um lærdómsrík tilfelli (u.þ.b. 1 bls. á tilfelli) og rætt þau við handleiðara.

Í hugleiðingunum kom eftirfarandi fram:

- Af hverju var þetta áhugavert/lærdómsríkt tilfelli?
- Hvað lærðir þú af tilfellinu?
- Hvað hefði mátt betur fara?
- Aðgerðaráætlun

Ég hef lesið gæðaskjöl um eftirfarandi inngríp og get framkvæmt þau.

- Bláæðastungu
- Uppsetningu á bláæðanál
- Blóðræktun
- Blóðgösuum
- Ísetningu á þvaglegg

Ég hef skilað upplýsingum um fjölda fjarvista frá heilsugæslu og staðfestingu á að þeim hluta sé lokið.

Ég hef skilað upplýsingum um fjölda fjarvista og staðfestingu þar sem fram kemur að ég hafi lokið tilteknum fjölda mánaða, á tilteknu sviði, sem hluta af kandídatsári á SAK og ef við á frá LSH og/eða Sjúkrahúsinu á Akranesi

Ég hef uppfyllt skilyrði um viðveru á kandídatsárinu. Sjá nánar á baksíðu.

- Reiknaðir fjarvistartímar voru 0 – 112 klukkustundir (vaktir líka taldar með).
- Reiknaðar fjarvistir voru umfram 112 klst. og hefur kandídatsárið verið framlengt í samræmi við reglur um það.

Ég hef leitast við að starfa fagmannlega og uppfylla lokamarkmið marklýsingar kandídatsársins.

Ég staðfesti að hafa uppfyllt ofangreind skilyrði.

Dagsetning: _____

Undirskrift læknakandídata: _____

Gátlistanum skal skilað fyrir lok kandídatsárs til Sigurbjargar Guðmundsdóttur ritara starfsmannaþjónustu SAK, sendið gjarnan sem viðhengi í tölvupósti á netfangið sig1011@sak.is

Skilyrði um viðveru á kandídatsári

Læknakandídatar bera sjálfir ábyrgð á að halda utan um allar fjarvistir á kandídatsári, tilkynna um þær ef þær fara yfir leyfð mörk og sjá til þess að árið verði framlengt í samræmi við reglur um það. Launadeild SAK, sími: 4630105 veitir upplýsingar um fjarvistir og eins er hægt að sjá þær í „Vinnustund“

Skilyrði varðandi fjarvistir á kandídatsári:

Leyfðar eru samtals 112 klst. í reiknaðar fjarvistir (vaktir taldar með) á kandídatsári. Reiknaðar fjarvistir er samtals fjöldi fjarvista í klst., en hver fjarvist telur þó aldrei meira en 8 klst.

Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. lengja kandídatsárið um 1 – x vikur, þ.e.:

- Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. til og með 152 klst. lengir kandídatsárið um 1 viku
- Reiknaðar fjarvistir umfram 152 klst. til og með 192 klst. lengir kandídatsárið um 2 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 192 klst. til og með 232 klst. lengir kandídatsárið um 3 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 232 klst. til og með 272 klst. lengir kandídatsárið um 4 vikur, o.s.frv.

Lenging verður venjulega á því sviði þar sem flestar fjarvistir komu til.

Mjög mikilvægt er að læknakandídatar haldi sjálfir utan um allar fjarvistir sínar á kandídatsárinu, fari vel yfir Vinnustund og passi upp á að öll skráning sé rétt. Fjarvera á skipulagðri vakt telst til fjarvista. Fyrir SAK er mikilvægt er að fylla staðarvaktafrí inn í Vinnustund eins og við á, þannig að fjarvera úr dagvinnu skráist rétt. Athugið að ef læknakandídat er veikur á næturvöktum og gert er ráð fyrir staðarvaktafrí dagana á eftir, þá skrást veikindi í Vinnustund þangað til kandídat mætir aftur til vinnu. Ef kandídat er orðinn frískur og vill ekki fá skráða veikindadaga þá daga sem fyrirfram eru skráðir sem staðarvaktafrí, þarf hann að hafa samband við umsjónardeildarlækni og bjóðast til að mæta í dagvinnu. Ef kandídat hefur verið veikur eina eða fleiri næturvaktir en ekki allar, þá á hann rétt á staðarvaktafrí fyrir hverja unna næturvakt. Leiðrétt þarf Vinnustund, þannig að þetta sé allt rétt skráð. Þeir sem halda utan um Vinnustund á viðkomandi sviðum eiga að geta aðstoðað kandídata við að lagfæra þetta.

Læknakandídatar geta fengið upplýsingar um fjarvistir í klukkustundum í Vinnustund. Farið þá inn í Vinnustund, veljið „Fjarvistir (í valglugga vinstra megin). Í felligluggunum sem þá koma upp á að standa „Allar fjarvistir“ og „Samtölur“. Setjið inn tímabil, en undanskiljið tímabil sem þið eruð á heilsugæslunni eða á öðrum sjúkrastofnunum.

Læknakandídatar SAK bera sjálfir ábyrgð á að tilkynna til Hugrúnar Hjörleifsdóttur (hugrun@sak.is) um leið og lengja þarf kandídatsárið. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir framlengingu í kandídatablokk. Þegar nær dregur er útbúin tilkynning um framlengingu á ráðningasamningi og send til launadeildarinnar og gengið frá viðbótarumsókn um tímabundið lækningaleyfi. *Vinsamlega tilkynnið eins fljótt og þið getið um þörf á lengingu á kandídatsári.*